



## Hestaíþróttadómarafélag Íslands 2017

Í stjórn félagsins eru:

Halldór Victorsson, formaður

Gísli Geir Gylfasson, ritari

Ólöf Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Varamenn og fræðslunefnd: G.Snorri Ólason, Sigurður Kolbeinsson.

Aðalfundur 2017.

Í þetta skiptið mættu 20 manns og var heldur rúmt um okkur í fundarsal ÍSÍ.

Farið var yfir verkefni síðasta árs og hvað má búast við á því næsta.

Halldór Victorsson var endurkjörinn sem formaður og Gísli Geir Gylfason var endurkjörinn sem ritari.

Einnig voru þeir Snorri Ólason og Sigurður Kolbeinsson endurkjörnir í varanefnd.

Skýrsla og reikningar samþykktir auk þess voru laun hækkuð um 500 krónur á tímann og útkall sett í 20.000 kr.

Síðasti liður var orðið frjálst og tóku þá nokkrir til máls og fannst núverandi fyrirkomulag varðandi endurmenntun mjög góð. Mikil ánægja var með heimakönnunina þar sem dómara dæma sýningar heima og ræða síðan málið á endurmenntun.

fyrirhugað er að vera með mánaðarlega fundi á þessu ári þar sem dómara geta mætt og farið yfir það sem þeim finnst mætti betur fara eða bera vafaatriði undir aðra dómara.

Restin af fundinum fór í að ræða alþjóðlegt dómara próf sem fór fram í Fákí en mismunandi skoðanir eru á framkvæmd þess.

Nýdómaranámskeið 2017.

Nýdómaranámskeið var haldið dagana 16-19 ágúst. bóklegi hlutinn fór fram í húsakynnum ÍSÍ og verklegi hlutinn var haldinn á Norðurálsmóti Dreyra á akranesi.

Endurmenntun 2017.

Endurmenntun var haldin á þremur stöðum þetta árið. Selfossi Reykjavík og Akureyri. Allir dómara þurftu að dæma

heimavideo og var farið yfir niðurstöðuna sem var var mjög fróðlegt.

Haustfundur er fyrirhugaður 26 okt. Þar sem að Þorgeir Guðlaugsson mun halda fyrirlestur. Fyrirlesturinn er ætlaður bæði ípróttadómurum og gæðingadómurum.

Stjórn Hídí

Halldór Victorsson

Gísli Geir Gylfason

Ólöf guðmundsdóttir.